

Frá Finnlandi er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi eftirtaldar vörur:

Staura o. fl.	10 000	sterl.pund
Timbur	200 000	—
Krossvið	30 000	—
Þilplötur og aðrar plötur til bygginga	15 000	—
Blaðapappír	40 000	—
Annar pappír	40 000	—
Pappír og vörur til úrvinnslu á pappa og pappír	30 000	—
Fræ (alopecurus og timotei)	10 000	—
Ýmsar vörur	30 000	—

32

18. apríl

Enn fremur eru möguleikar á kaupum frá Finnlandi á síldartunnum, tunnustaf, asbestplötum, asbesti o. fl.

Sama dag var undirritaður í Helsingfors greiðslusamningur milli Íslands og Finnlands, er gildir frá 1. marz 1950. Hvor aðili um sig getur sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 18. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

33

18. apríl

um vöruskiptasamkomulag við Sviss.

Með orðsendingum, er fóru milli utanrikisráðuneytis Íslands og viðskipta-
deildar atvinnumálaráðuneytis Svisslands í desember 1949 og febrúar 1950, varð
samkomulag um að framlengja með smávægilegum breytingum vöruskiptasam-
komulag, er gert var milli Íslands og Sviss í ágúst 1948, með orðsendingum milli
sendiráðs Íslands og sendiráðs Sviss í Kaupmannahöfn. Gildir framlengingin til
ársloka 1950.

Samkvæmt samkomulaginu selja Íslendingar hraðfrystan fisk til Sviss, en
kaupa í staðinn vefnaðarvöru, úr og klukkur o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 18. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.